

FUNDARGERÐ

Ársfundur Lífeyrissjóðs bankamanna

Haldinn 27. apríl 2022 á Hilton Reykjavík Nordica

Ársfundur Lífeyrissjóðs bankamanna fyrir árið 2022 var haldinn á Hilton Reykjavík Nordica, miðvikudaginn 27. apríl 2022 kl. 17:00.

Á fundinum lágu frammi eftirfarandi gögn:

- 1) Ársreikningur fyrir árið 2021
- 2) Samþykktir Lífeyrissjóðs bankamanna
- 3) Yfirlit yfir framboð til stjórnar og varastjórnar
- 4) Tillögur um breytingar á samþykktum

Fundurinn hófst með því að Ari Skúlason, formaður stjórnar Lífeyrissjóðs bankamanna, bauð gesti velkomna og setti fundinn. Ari lagði til að Hinrik Greipsson yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt.

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og bauð fundargesti velkomna. Fundarstjóri lagði til að Pálmi Rögnvaldsson tæki að sér fundarritun, var það samþykkt. Þá tilkynnti fundarstjóri að hann hefði kynnt sér boðun fundarins og lýsti því yfir að boðun hefði farið fram í samræmi við samþykktir sjóðsins og úrskurðaði að fundurinn væri þar með löglegur.

Áður en gengið var til formlegrar dagskrár lýsti fundarstjóri því að hann vildi bera undir fundinn breytingartillögu á dagskrá fundar. Í máli fundarstjóra kom fram að samkvæmt samþykktum skuli fylgja ákveðinni dagskrá mála en þar sem á þessum fundi færu fram kosningar um þrjá fulltrúa í stjórn og þrjá í varastjórn þá legði fundarstjóri til breytingu á röð dagskrárliða fundarins þannig að fyrsti dagskrárliður yrði áfram skýrsla stjórnar, þar á eftir yrði kosning stjórnarmanna, svo ársreikningur og fjárfestingarstefnur, og þar á eftir yrði skotið inn kosningu varamanna því þá yrði ljóst hverjir þrír af þeim sex sem í framboði væru til aðalstjórnar hefðu ekki náð kjöri en gætu þá hugsanlega boðið sig fram í varastjórn. Þar á eftir yrði dagskrá í samræmi við samþykktir. Var tillagan samþykkt.

Röð dagskrárliða fundar var eftirfarandi, með samþykktum breytingartillögu fundarstjóra:

- 1) Skýrsla stjórnar.
- 2) Kosning stjórnarmanna.
- 3) Ársreikningur 2021 og fjárfestingarstefnur.
- 4) Kosning varamanna.
- 5) Tryggingarfræðileg úttekt á stöðu sjóðsins.
- 6) Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins.
- 7) Kosning skoðunarmanna reikninga sjóðsins.
- 8) Laun stjórnar- og skoðunarmanna.
- 9) Önnur mál.
 - a. Málefni Hlutfallsdeildar.

Á fundinum var sýnd glærukynning samhliða því að farið var yfir einstaka dagskrárliði. Glærukynningin, ársreikningur 2021 og upplýsingar um niðurstöður kosninga eru aðgengilegar á vefsíðu sjóðsins undir fréttaliðnum „Niðurstöður ársfundar 2022“.

Áður en gengið var til fyrsta dagskrárliðar lýsti fundarstjóri því yfir að hann hefði fregnir af því að sjóðfélagar myndu mæta með umboð á fundinn fyrir sjóðfélaga sem væru ekki á staðnum. Fundarstjóri lýsti því að úrskurður hefði verið kveðinn upp á ársfundi Lífeyrissjóðs bankamanna árið 1997 um að umboð væru ekki tekin gild á ársfundum sjóðsins. Það hefði byggt á því að samkvæmt samþykktum skyldu stjórnarmenn kosnir af sjóðfélögum á ársfundi sjóðsins en hvergi væri kveðið á um að umboð væru heimil og þar af leiðandi væru þau ekki heimil. Ef umboð væru heimil þá væri um það sérstakt ákvæði í samþykktum eins og væri til dæmis í hlutafélagalögum þar sem finna mætti ákvæði um umboð. Fundarstjóri lýsti því að þetta væri niðurstaða þeirra aðila sem hann hefði borið þetta undir, þ.m.t. löglærða hæstaréttarlögmenn. Fundarstjóri sagðist ekki ætla að hafa þessi orð lengri og bauð Ara Skúlason velkominn í pontu til að flytja skýrslu stjórnar.

1) Skýrsla stjórnar.

Ari Skúlason, formaður stjórnar Lífeyrissjóðs bankamanna, flutti skýrslu stjórnar og með leyfi Ara er skýrslan birt hér:

„Skýrsla formanns á ársfundi Lífbank 27. apríl 2022

Ágætu sjóðfélagar

Lífeyrismál eru langhlaup, jafnvel ofurhlaup. Breytingar verða aldrei hraðar í þessum málaflokki og það þarf alltaf að hugsa til langs tíma, bæði hvað stefnu og fjárfestingar varðar. Það er sagt að þolinmæði sé dyggð. Ég held að það eigi hvergi betur við en í málefnum lífeyrissjóða. Örlítið dæmi um þetta eru breytingar á samþykktum sjóðsins okkar um fundartíma og auglýsingu ársfundar sem samþykktar voru á síðasta ársfundi. Þær breytingar fóru síðan til afgreiðslu í aðildarfyrtækjunum og þar fann eitt fyrirtækið að einu litlu atriði sem varð síðan til þess að það þarf aftur að leggja til breytingar á samþykktum um sama mál nú á þessum fundi. Rétt skal vera rétt og þess vegna tekur lítil breyting a.m.k. tvo ársfundi. Hlutirnir ganga hægt og allir vita það og það gildir um alla lífeyrissjóði landsins.

Lífeyriskerfið okkar er sífellt í umræðunni enda stórt og glæsilegt og skiptir marga miklu máli. Um næst síðustu áramót nam stærð lífeyriskerfisins okkar um 194% af landsframleiðslunni og og þá var Holland eina landið í heiminum með stærra vinnumarkaðslífeyriskerfi en við, þar er það um 210% af landsframleiðslunni. Í Danmörku og Finnlandi eru vinnumarkaðslífeyriskerfin tæplega 60% af landsframleiðslu, og svo miklu minni í Noregi og Svíþjóð. Það segir okkur alls ekki að staðan sé verri þar, þessi lönd eru einfaldlega með aðrar lausnir í lífeyrismálum til að ná árangri. Þessar tölur minna okkur hins vegar á hve erfiður svona samanburður er að milli landa. Hér sleppur hið opinbera mun billegar hvað lífeyri áhrærir en víðast hvar annars staðar og okkar vinnumarkaðskerfi skiptir marga mestu máli.

Við heyrum oft hvernig sumir vilja eigna sér kerfið okkar og ráðskast með það, sérstaklega stjórnvöld og svo einstaka lukkuriddarar í verkalýðsförystunni sem vilja beita því í pólitískum tilgangi. Í hinni margumtöluðu sölu hlutar ríkissjóðs í

Íslandsbanka á dögunum kom t.d. fram það skýtna sjónarmið af hálfu stjórnvalda að nú þyrfti að finna nýja tegund af fjárfestum til þess að verða þolinmóðir eigendur að bankanum í stað þess að lífeyrissjóðir keyptu allt upp. Við þekkjum öll söguna hvernig fór og eftir sitja lífeyrissjóðirnir sem þolinmóðir fjárfestar með mun minni hlut en þeir hefðu viljað fá og sumir eru enn að bæta við með því að kaupa hluti á hærra verði en ella af þeim sem fengu að hirða skammtímahagnaðinn af söluinni. Ég skil ekki hvað var við lífeyrissjóðina að sakast í þessu sambandi, ekki eru þeir óþolinmóðir fjárfestar.

Þið þekkið líka flest söguna um það hvernig lífeyriskerfið á vinnumarkaðnum átti að verða viðbót við hefðbundinn ellilífeyri frá Tryggingastofnun. Reyndin varð reyndar ekki sú þegar upp var staðið og nú er ástandið þannig að stjórnvöld fárra vestrænna ríkja sleppa betur við að eyða peningum í eftirlaun fólks. Í samanburði við nálægar þjóðir er það sérstaklega tvennt sem ríkissjóður sparar sér í útgjöldum hér á landi, það eru lífeyrisgreiðslur til þegnanna og útgjöld til hermála.

Í fyrra lá fyrir Alþingi frumvarp um breytingar á lögum um lífeyrissjóði sem boðaði stærstu breytingar á réttindakafla laganna frá árinu 1997. Sem betur fer dagaði málið uppi þá, enda var langt frá því að allir væru sáttir með frumvarpið, en nú er það komið fram aftur. Að mínu mati og margara annarra munu boðaðar breytingar hafa veruleg áhrif á lífeyrissparnað flestra landsmanna. Með frumvarpinu telja stjórnvöld sig vera að efna skuldbindingar sínar gagnvart Alþýðusambandinu og Samtökum atvinnulífsins vegna Lífshjálparinningsins frá árinu 2019.

Frumvarpið er reyndar ekki alvont. Í því er að finna ýmsar jákvæðar breytingar sem almenn sátt ríkir um. Aðrar breytingar eru því miður ekki jafn vel ígrundaðar og á það sérstaklega við um tillögur um svonefnda tilgreinda séreign, sem nú stendur til að lögfesta, þrátt fyrir fjölmargar ábendingar þess efnis að slíkt muni einungis flækja lífeyrissjóðakerfið enn meira en nú er, og finnst mörgum það nógu flókið fyrir. Samkvæmt núgildandi lögum geta lífeyrissjóðir boðið sjóðfélögum töluvert val og sveigjanleika hvað varðar þann hluta skylduöðgjalds sem ráðstafað er í frjálsa séreign. Góð sátt hefur ríkt um þetta fyrirkomulag í meira en tvo áratugi en tillögur stjórnvalda nú um lögfestingu tilgreindrar séreignar ógna þessari sátt.

Þessi nýja tegundar séreignar á rætur að rekja til kjarasamnings ASÍ og SA frá 2015 en þeir lífeyrissjóðir sem starfa á samningssviði samtakanna, sem eru reyndar einungis 7 sjóðir af þeim 21 sjóðum sem eru starfandi, hafa nú þegar tekið upp ákvæði um tilgreinda séreign. Önnur samtök á almennum vinnumarkaði hafa hins vegar ekki samið um tilgreinda séreign og það sama á við um opinbera starfsmenn og aðra hópa og alls ekki starfsfólk á fjármálamarkaði. Það er dálítið skýrtin staða að aðilar á vinnumarkaði sem eru í forsvari fyrir lífeyrissjóði sem eru minnihluti af lífeyriskerfinu, hvort sem litið er til fjölda sjóðfélaga, umfangs eigna eða iðgjalda sjóðfélaga, telji sig vera í aðstöðu til að þvinga slíkri löggjöf upp á meirihluta launamanna í landinu án nægjanlegs undirbúnings og samtals við viðeigandi hagsmunaaðila, auðvitað með dyggri aðstoð stjórnvalda.

Komi til þess að tilgreind séreign verði lögfest mun það valda ómældum flækjum og ruglingi hjá sjóðfélögum, lífeyrissjóðum og öðrum hagsmunaaðilum og gera sjóðfélögum erfiðara um vik að taka ákvarðanir um uppbyggingu á lífeyrissparnaði sínum og hentugasta fyrirkomulag á útgreiðslum hans.

Taki þessar breytingar gildi verða samningar okkar bankamanna innan SSF um lífeyrismál í uppnámi, og þetta verður örugglega eitt af stóru málunum í kjarasamningnum næsta vetur. Þessar breytingar munu fela í sér að „séreign“ umfram 4+2% (sér ákvæði í kjarasamningnum), komi til skerðingar á greiðslum frá Almannatryggingum, sem ekki er reyndin í dag. Þessi séreign umfram það venjulega

getur numið 5-7% af launum hjá félagsmönnum SSF þannig að breyting af þessu tagi bitnar sérstaklega illa á okkar hópi.

Lífeyrissjóðurinn okkur stendur sig reyndar mjög vel miðað við að við förum alltaf varlega. Hrein raunávöxtun Hlutfallsdeildar nam 4,5% á árinu 2021. Í Aldursdeild nam raunávöxtunin 10,7%. Þetta er vel ásættanleg ávöxtun, en Tryggvi mun fara betur yfir þessi mál hér á eftir.

Nokkuð hefur verið sótt að sjóðnum á undanförunum mánuðum hvað skylduaðildina varðar. Við höfum átt fundi með forsvarsmönnum aðildarfyrirtækjanna á síðustu vikum og það er ljóst að í hluta þeirra hefur ekki verið gengið fast fram í því að fylgja samkomulagi um sjóðinn sem gengur út á að allir starfsmenn skuli vera félagsmenn í Lífeyrissjóði bankamanna. Síðastliðinn vetur gerði Seðlabankinn undantekningu varðandi aðild að sjóðnum gagnvart nokkrum einstaklingum sem fluttust til bankans með Fjármálaeftirlitinu. Þá hefur verið uppi mikill þrýstingur frá hópi starfsmanna innan Landsbankans um að losna við skylduaðild að sjóðnum.

Lang stærstur hluti aðildar launafólks að lífeyrissjóðum á Íslandi byggir á skylduaðild í tengslum við kjarasamninga viðkomandi hópa. Þar er fjármálamarkaðurinn nokkur undantekning og þannig er það ekki þannig að fólk sem vinnur samkvæmt kjarasamningi Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja sé almennt í Lífeyrissjóði bankamanna. Í okkar sjóði eru því aðallega starfsmenn fjögurra aðildarfyrirtækja, aðallega Landsbankans og Seðlabankans. Í ljós hefur komið að einungis um helmingur starfsmanna RB og Valitor eru í okkar sjóði.

Það er ljóst að þrýstingur frá aðildarfyrirtækjunum og frá einhverjum félagsmanna okkar í þá átt að losa um skylduaðildina fer vaxandi. Þessi spurning er því hluti af því sem við þurfum að meta varðandi framtíð sjóðsins. Í þessu sambandi eru ýmsir kostir uppi sem hafa verið ræddir innan stjórnar sjóðsins, t.d. mætti opna sjóðinn gagnvart fleiri hópum og slíta þannig á föstu tengslin við aðildarfyrirtækin. Samstarf eða sameining við aðra sjóði kemur líka til greina. Innan stjórnar sjóðsins höfum við hins vegar verið á því fram til þessa að ekki sé tímabært að fara í miklar breytingar varðandi sjóðinn fyrr en dómsmálið stóra sé yfirstaðið. Að því loknu er staða okkar orðin ljósari að öllu leyti og betri grundvöllur að horfa með markvissari hætti til framtíðar.

Fyrir fundinum liggur tillaga um iðgjaldahlutfall til Aldursdeildar sem lagt er til að hækki úr 10% í 12%. Til þessa hefur Aldursdeild einungis tekið við 10% lágmarksiðgjaldi, 4% frá launþega og 6% frá launagreiðanda, og hefur það dugað til að fullnægja lágmarktryggingarvernd skv. lögum þ.e.a.s. 56% réttindaöflun fyrir 40 ára inngreiðslutíma.

Nú hefur tryggingafræðingur sjóðsins vakið athygli á að þótt tryggingafræðileg staða deildarinnar í heild sé jákvæð þá reiknast um 5% halli á svokallaðri framtíðarstöðu deildarinnar sem felur í sér að réttindatöflur lofa í raun hraðari ávinnslu réttinda en iðgjöld standa undir. Þetta mun allt verða kynnt betur síðar á fundinum. Þessari stöðu þarf að bregðast við og er þessi tillaga um breytingu samþykkt fyrsta skrefið á þeirri vegferð. Það er líka ljóst að áherslur SSF í kjarasamningum ganga í sömu átt hvað lífeyrismál varðar og mun SSF væntanlega tilkynna viðsemjendum um þann áhuga mjög fljótlega.

Eins og mörg ykkar vitið mun betur en ég, þá erum við alltaf að verða eldri og eldri. Eins og svo margt í heiminum hafa þær breytingar mikil áhrif á lífeyrissjóðina.

Tryggingastærðfræðingarnir okkar hafa gert breytingar á forsendum reiknigrunnis um lífslíkur. Rétt fyrir jól í fyrra féllst Fjármála- og efnahagsráðuneytið á tillögu Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga um þetta. Niðurstaðan er sú að lífeyrissjóðum sé heimilt að innleiða breyttar forsendur við tryggingafræðilega athugun á næstu tveimur árum og skulu allir lífeyrissjóðir vera búnir að innleiða breyttar forsendur um lífslíkur fyrir tryggingafræðilega athugun ársins 2023.

Sérstaklega er gerð grein fyrir þessum áhrifum í tryggingafræðilegri úttekt og jafnframt í skýringum við ársreikning sjóðsins fyrir árið 2021, eins og farið verður betur yfir á eftir. Samhliða því að innleiða þessar nýju forsendur um lengra líf okkar allra þarf að gera breytingar á réttindakerfum deildanna. Þar er einkum horft til tveggja leiða og líst okkur í stjórn sjóðsins best á þá leið sem hefur verið kölluð leið B, en samkvæmt þeirri leið er gert ráð fyrir stighækkandi viðmiðunarlífi lífeyristöku sem er tengdur við vænta meðalævi hvers árgangs. Þá væri ekki gert ráð fyrir neinum áhrifum á núverandi lífeyrisþega. Ég held að tryggingafræðingurinn okkar muni skýra þetta betur út á eftir.

Við í stjórn sjóðsins erum sammála um að taka þurfi góðan tíma í að meta hvaða leið er best að fara hjá sjóðnum og því sé rétt að bíða með innleiðingu breyttra forsendna. Þá teljum við gagnlegt að sjá hvaða leið verður almennt farin hjá öðrum sjóðum og svo má líka fylgjast vel með hvernig Tryggingastofnun bregst við breytingum. Hjá Aldursdeild ætti að vera einfalt að mæta breytingunum en nokkuð líklegt er að skerða þyrfti réttindi í Hlutfallsdeild.

Á síðasta ári skrifaði Lífeyrissjóður bankamanna, ásamt 12 öðrum íslenskum lífeyrissjóðum, undir viljayfirlýsingu gagnvart alþjóðlegu samtökunum Climate Investment Coalition (CIC) um stórauðnar fjárfestingar fram til ársins 2030 í verkefnum sem tengjast hreinni orku og umhverfisvænum lausnum.

Með yfirlýsingunni, sem var formlega kynnt á lofslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Glasgow í nóvember, bættust þessir 13 lífeyrissjóðirnir í hóp fjölda norrænna og breskra lífeyrissjóða sem gefið hafa út sambærilegar yfirlýsingar. Við munum einkum horfa til sjálfbærrar orkuframleiðslu og tengdra verkefna s.s. aukinnar notkunar hreinnar orku í samgöngum og atvinnustarfsemi.

Með þátttöku sinni í þessu samstarfi vill Lífeyrissjóður bankamanna styðja við markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu og er þátttakan liður í stefnu sjóðsins um ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar. Grænar fjárfestingar nema nú þegar um 5 milljörðum króna eða um 5% af eignasöfnum sjóðsins. Við stefnum að því að grænar fjárfestingar sjóðsins aukist um rúma 10 milljarða króna á tímabilinu og stefnt að því að hlutfall grænna fjárfestinga nái a.m.k. 10% af eignum árið 2030.

Eitt af stærri málum okkar á undanförunum misserum er dómsmálið gagnvart aðildarfélögum sjóðsins og ríkissjóði. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir sjóðsins reyndist ekki vilji á sínum tíma til viðræðna og samninga um málið hjá aðildarfyrirtækjunum og ríkinu og því höfðaði sjóðurinn dómsmál til að freista þess að rétta hlut sjóðsfélaga Hlutfallsdeildar. Ég hef fjallað ítarlega um þetta mál á síðustu ársfundum, en í stuttu máli teljum við að veruleg frávik hafi orðið frá forsendum samkomulagsins um sjóðinn sem gert var 1997 og fjárhagsleg áhrif þess verið verulega óhagstæð fyrir sjóðinn og sjóðfélaga. Dómkröfur byggja að verulegu leyti á matsgerð sem létum gera og var gerð krafa um að samkomulaginu frá 1997 sé breytt og viðbótargreiðsla að fjárhæð 5,4 milljarðar króna verði innt af hendi. Miðað

við þróun verðlags væri þessi tala í dag um 6,6 ma.kr. Auk þess er gerð krafa um að ábyrgð aðila á skuldbindingum deildarinnar verði endurvakin.

Um miðjan nóvember í fyrra sýknaði Héraðsdómur aðildarfyrirtæki sjóðsins og íslenska ríkið af kröfum okkar vegna Hlutfallsdeildar. Um miðjan desember ákvað stjórn sjóðsins svo að áfrýja dómi Héraðsdóms Reykjavíkur til Landsréttar. Að mati stjórnar eru ýmsir ágallar á dómi héraðsdóms. Í fyrsta lagi má nefna þá afstöðu dómsins að telja það sanngjarnt að sjóðfélagar Hlutfallsdeildar **þurfi bara si svona** að bera um 15% skerðingu lífeyrisréttinda vegna þess að tryggingafræðilegar forsendur samkomulags um uppgjör ábyrgðar lífeyrisskuldbindinga stóðust ekki. Í þessu sambandi má minna á að hér er ekki um hátekjufólk að ræða þar sem miðgildi lífeyrisgreiðslna var um 180 þúsund kr. á mánuði sl. sumar.

Í öðru lagi kom það sérstaklega á óvart að dómurinn tiltekur í forsendum að markaðsverð tiltekinna skuldabréfa í eigu Hlutfallsdeildar sé hærra en bókfært verð og dregur þá kolröngu ályktun að staða deildarinnar sé því betri en af er látið. Þarna er um grundvallarmisskilning að ræða, enda óumdeilt að bókhaldsleg meðferð verðbréfa hefur engin áhrif á tryggingafræðilega stöðu lífeyrissjóða sem málið snýst auðvitað fyrst og fremst um. Við töldum að þetta atriði eitt og sér rýri gildi dómsins verulega þar sem um augljósa og ótrúlega vanþekkingu er að ræða. Áfrýjunin er komin til skila en biðin hjá Landsrétti er nokkuð löng þessa dagana og við vonum að við náum að fá niðurstöðu á þessu ári.

Ég sagði áðan að dómurum héraðsdóms hafi þótt sanngjarnt að sjóðfélagar Hlutfallsdeildar þurfi að bera 15% lækkun lífeyrisréttinda vegna þess að tryggingafræðilegar forsendur samkomulags um uppgjör ábyrgðar lífeyrisskuldbindinga hafi ekki staðist.

Umræðan um sanngirni í þessu máli snýr ekki hvað síst að ríkissjóði þar sem hann hefur alfarið neitað að taka ábyrgð á lífeyrisskuldbindingum fyrrverandi starfsmanna sinna sem störfuðu í ríkisbönkunum á sínum tíma. Ríkissjóður vílaði reyndar ekki fyrir sér að taka fulla ábyrgð á greiðslum lífeyrisskuldbindinga fyrrverandi bankastjóra Landsbanka Íslands og maka þeirra þegar Landsbankinn hf. tók yfir innlenda starfsemi gamla bankans í október 2008.

Ég fjallaði aðeins um þessa hlið málsins á ársfundi fyrir tveimur árum, en það má alveg rifja upp hvernig ríkissjóður hefur kosið að höndla með sanngirnina.

Í gegnum árin höfum við horft á ríkissjóð moka milljörðum í lífeyrissjóði opinberra starfsmanna þegar komið hefur í ljós að þeir eiga ekki fyrir skuldbindingum. Það gildir bæði um gamla kerfið og einnig það nýja sem átti að verða sjálfbært eins og aldursdeildin okkar. Þar á bæ dettur engum í hug að skerða réttindi eins og við höfum þurft að gera í tvígang, ríkissjóður kemur alltaf til hjálpar.

Það sem færri vissu þá og enn færri vilja tala um í dag er að ríkissjóður Íslands hefur á undanförnum árum yfirtekið lífeyrisskuldbindingar fjölda stofnana og lögaðila sem honum var að mínu mati ekki skylt að gera. Þarna er um tugmilljarða upphæðir að ræða sem ríkissjóður hefur tekið á sig. Þarna er um ýmsar stofnanir að ræða eins og Reykjarlund, Hrafnistu, SÁÁ og Heilsustofnun Náttúrulækningafélagsins. Mest stingur þó í augu yfirtaka ríkissjóðs á lífeyrisskuldbindingum vegna Bændasamtakanna, en þar var um að ræða 4,8 milljarða króna yfirtöku skuldbindinga. Okkar krafa gagnvart öllum málsaðilum er upp á 5,4 milljarða á verðlagi ársins 2015, 6,6 ma.kr. að núvirði, og henni er algerlega hafnað af öllum. Í

PR 2023

lok árs 2018 ákvað ríkissjóður hins vegar **bara si svona** að yfirtaka skuldbindingu vegna bændasamtakanna upp á 4,8 milljarða. Þarna sést líka glögglega hvaða augum ráðamenn líta á skuldbindingar gagnvart sumum fyrri starfsmönnum sínum í ríkisbönkunum miðað við ýmsa aðra. Bankastjórnirnar fengu auðvitað allt sitt á hreint, en ekki almennir starfsmenn bankanna, og meira að segja bændur fá sitt líka og vel það.

Stjórn sjóðsins hefur til þessa gert ráð fyrir að starfsemi sjóðsins verði með svipuðu sniði á allra næstu misserum í umhverfi mjög lágra vaxta og versnandi ávöxtunarkjara. Vaxtakjör eru orðin þannig hér á landi að sífellt erfiðara er orðið að ná þeirri ávöxtun sem hefur verið markmið lífeyrissjóða og talin ásættanleg. Dómsmál Hlutfallsdeildar mun vera ofarlega í huga okkar á næstu mánuðum þótt lítið gerist fyrir en undir lok ársins. Í kjölfar niðurstöðu þess máls verður staða okkar skýrari og þá kemur mögulega til skoðunar hvort fýsilegt kunni að vera að sameina deildir sjóðsins að nýju með það að markmiði að treysta rekstur hans. Eins og ég kom inn á áðan er umræða innan stjórnar um framtíð sjóðsins alltaf á dagskrá og hvernig beri að haga starfi hans á næstu árum til þess að vernda hagsmuni sjóðsfélaga sem best, mögulega með opnun sjóðsins eða nánú samstarfi við aðra sjóði eða jafnvel sameiningu. Í þessum efnum erum við áfram í langhlaupi.

Ég þakka sjóðfélögum, stjórnarmönnum sjóðsins og starfsmönnum kærlega fyrir gott og uppbyggilegt samstarf síðustu ár.

Lífeyrissjóður bankamanna er öflugur og vel rekinn lífeyrissjóður og það er mikilvægt á næstu árum að vanda sérhvert skref sem við tökum til að ná sem mestum ábata fyrir sjóðfélaga.

Ari Skúlason, formaður stjórnar Lífeyrissjóðs bankamanna“

Fundarstjóri þakkaði Ara fyrir og lagði til að umræður um skýrslu stjórnar færu fram eftir þarnaesta dagskrárliði, þ.e. þegar farið hefur verið yfir ársreikninga og fjárfestingarstefnur. Var það samþykkt.

2) Kosning stjórnarmanna.

Næst fór fram kosning stjórnarmanna. Fyrir fundinum lá að kjósa um þrjá stjórnarmenn til næstu tveggja ára.

Framboðsfrestur rann út 13. apríl sl. og bárust sex framboð til aðalstjórnar. Upplýsingar um frambjóðendur eru aðgengilegar á vef sjóðsins undir fréttaliðnum „Frambjóðendur til stjórnar“ frá 19. apríl sl.

Frambjóðendur til aðalstjórnar voru: Ari Skúlason, Elín Dóra Halldórsdóttir, Helga Jónsdóttir, Ingólfur Guðmundsson, Jóhann Ómarsson og Sigurjón Gunnarsson.

Fundarstjóri fór yfir fyrirkomulag kosninga og gaf frambjóðendum kost á að kynna sig. Að kynningum loknum var gengið til kosninga.

Í aðalstjórn voru kosin: Ari Skúlason, Helga Jónsdóttir, og Ingólfur Guðmundsson.

Í framhaldinu munu aðildarfyrirtæki lífeyrissjóðsins tilnefna þrjá einstaklinga til stjórnarsetu skv. 2. gr. samþykkt sjóðsins.

Að kosningu lokinni var komið að næsta dagskrárlið sem var ársreikningur 2021 og fjárfestingarstefnur.

3) Ársreikningur 2021 og fjárfestingarstefnur.

Tryggvi Tryggvason, framkvæmdastjóri sjóðsins, gerði grein fyrir ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2021 og fjárfestingarstefnum deilda sjóðsins. Tryggvi sýndi glærur samhliða umfjöllun sinni. Glærukynningin er aðgengileg á vefsíðu sjóðsins undir fréttaliðnum „Niðurstöður ársfundar 2021“.

Tryggvi hóf umfjöllun sína á því að stikla á stóru yfir nokkur atriði: ávöxtun, vaxtaumhverfið, þróun hreinnar eignar og raunávöxtunar og að lokum samanburð á raunávöxtun og rekstrarkostnaði sjóðsins við aðra sjóði.

Í máli Tryggva kom fram að ávöxtun hefði gengið vel, hrein nafnávöxtun Aldursdeildar hefði verið 16,0% og raunávöxtun 10,6%. Þá hafi meðaltal raunávöxtunar síðustu 5 ára verið 6,3% en 4,3% að meðaltali frá stofnun 1998. Er varðar Hlutfallsdeild nefndi Tryggvi að deildin sigldi almennt varfærnari og lygnari sjó vegna uppbyggingu hennar. Hjá Hlutfallsdeild hefði hrein nafnávöxtun verið 9,3% og raunávöxtun 4,3%. Þá hefði meðaltal raunávöxtunar síðustu 5 ára verið 4,0% en 3,8% að meðaltali frá stofnun 1998. Nefndi Tryggvi að eignasöfn beggja deilda væru áhættuminni en margra annarra íslenskra lífeyrissjóða og sveiflur í ávöxtun því minni.

Næst vék Tryggvi máli sínu að vaxtaumhverfi sjóðsins. Tryggvi vísaði til glæru á bls. 10 í kynningu og nefndi að hefðbundin skuldabréf og innlán sýndu ávöxtun langt undir ávöxtunarkröfu sem væri áskorun fyrir sjóðinn.

Þá vék Tryggvi máli sínu að þróun hreinnar eignar og raunávöxtunar. Tryggvi vísaði til glæru á bls. 11 í kynningu og nefndi að þróun hjá Hlutfallsdeild væri nokkuð jöfn og stillt þannig af að hún sveiflaðist lítið og til þess væri leikurinn gerður. Hjá Aldursdeild væri þróunin skrykkjóttari vegna hærra áhættustigs og vísaði Tryggvi þar til glæru á bls. 12 í kynningu.

Tryggvi vék máli sínu næst að samanburði á raunávöxtun og rekstrarkostnaði við aðra sjóði, sjá glærur á bls. 13 – 15. Tryggvi sýndi fyrst glæru með samanburði á raunávöxtun Lífbank A (Aldursdeildar) við ávöxtun annarra samtryggingasjóða. Tryggvi nefndi að Aldursdeild væri ágætlega samanburðarhæfur sjóður m.v. ávöxtun annarra samtryggingasjóða og væri deildin þó ekki hugsuð þannig að hún væri með hæsta áhættustig. Tryggvi tók fram að hann væri ánægður með niðurstöðuna. Næst sýndi Tryggvi glæru sem sýndi raunávöxtun Lífbank H (Hlutfallsdeildar) í samanburði við ávöxtun annarra varfærinna deilda. Tryggvi nefndi að eðlilegt væri að bera Hlutfallsdeild saman við varfærna séreignarsjóði fyrir hópa sem eiga stutt í lífeyristöku og þar sem eignasafn samanstæði aðallega af skuldabréfum og innlánnum. Tryggvi nefndi að samanburðurinn kæmi eðlilega út fyrir Hlutfallsdeild. Næst sýndi Tryggvi glæru með samanburði á rekstrarkostnaði lífeyrissjóða sem hlutfall af hreinni eign. Tryggvi nefndi að Lífeyrissjóður bankamanna væri um miðja deild í rekstrarkostnaði en þrátt fyrir smæð væri sjóðurinn nálægt stærri sjóðunum í kostnaðarhlutfalli og þar væri metnaðurinn. Væri sjóðurinn ávallt að leita leiða til hagræðingar og hefði sjóðurinn til að mynda rætt

samstarf við aðra sjóði og þess vegna sameiningu, en þetta þyrfti að skoða í því samhengi að sjóðurinn hefði náð hagkvæmum rekstri þrátt fyrir að vera ekki stærri.

Næst vék Tryggvi máli sínu að ársreikningi 2021.

Fyrst fjallaði Tryggvi um Hlutfallsdeild, og sýndi glærur á bls. 17-24 í kynningu. Tryggvi fór yfir breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2021, efnahagsreikning 31. desember 2021, yfirlit um sjóðstreymi ársins 2021, yfirlit yfir tryggingafræðilega stöðu 31. desember 2021 og skiptingu virkra sjóðfélaga og lífeyrisþega. Í máli Tryggva kom m.a. fram að iðgjöld hefðu lækkað milli ára en væru óverulegur hluti af rekstri deildarinnar. Sérstök aukaframlög hefðu numið um 137 milljónir króna. Þá hefðu lífeyrisgreiðslur farið vaxandi og hækkað milli ára. Þrátt fyrir lítil iðgjöld hefði deildin staðið í stað hvað stærð varðar vegna þess að fjárfestingartekjur hefðu dekkað lífeyrisgreiðslur og gott betur. Á endanum myndi deildin fara minnkandi en það hefði ekki gengið á hreina eign enn sem komið væri. Niðurstaðan væri um 40 milljarðar króna af hreinni eign til greiðslu lífeyris í árslok. Næst vék Tryggvi máli sínu að efnahagsreikningnum og nefndi að uppistaða eignasafnsins væru skuldabréf sem skýrðist af hófstiltu áhættustigi sjóðsins þar sem sjóðurinn þoldi illa sveiflur verandi lokuð deild. Næst fjallaði Tryggvi um sjóðstreymið og nefndi að breyting á ráðstöfunarfé til fjárfestingar væri neikvæð tala hjá Hlutfallsdeild þar sem innborganir vegna iðgjalda væru óverulegar en útgreiðslur umtalsverðar. Hreint ráðstöfunarfé væri neikvætt en deildin endurfjárfesti vöxtum sem kæmu inn á verðbréfasafnið. Er varðar tryggingafræðilega stöðu nefndi Tryggvi að staðan hjá Hlutfallsdeild væri enn í mínus en minnkaði heldur milli ára úr -4,8% í -4,6%. Tryggvi nefndi að Bjarni myndi fara betur yfir tryggingafræðilega stöðu. Að lokum sýndi Tryggvi glæru á bls. 24 í kynningu þar sem fram kemur myndrænt hvernig virkum sjóðfélögum fer fækkandi þar sem engir nýir sjóðfélagar koma inn í deildina.

Næst fjallaði Tryggvi um Aldursdeild og sýndi glærur á bls. 26-35 í kynningu. Tryggvi fór yfir breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2021, efnahagsreikning 31. desember 2021, yfirlit um sjóðstreymi ársins 2021, yfirlit um tryggingafræðilega stöðu 31. desember 2021, og skiptingu virkra sjóðfélaga og lífeyrisþega. Í máli Tryggva kom m.a. fram að iðgjöld stæðu í stað milli ára og hefðu launahækkanir dekkað fækkun sjóðfélaga. Flest aðildarfélög sjóðsins væru að fækka starfsfólki en iðgjöld stæðu í stað. Lífeyrisgreiðslur færu hækkanir eftir því sem deildin þroskaðist. Hreinar fjárfestingartekjur hefðu verið um 8,5 milljarðar króna árið 2021 samanborðið við um 5,4 milljarða króna árið 2020 en það væru hæstu fjárfestingartekjur deildarinnar enn sem komið væri. Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok hefði verið rúmlega 61 milljarðar króna 2021 samanborðið við um 51 milljarð króna árið 2020. Þá vék Tryggvi máli sínu að efnahagsreikningi og nefndi Tryggvi að eignir í félögum og sjóðum væru talsvert meiri hjá Aldursdeild en hjá Hlutfallsdeild og áhættustigið hærra fyrir vikið. Skuldir væru óverulegar. Aðrar skuldir væru í raun eftirstöðvar af ósöttum greiðslum í séreignarsjóðum sem skýrðist af því að þegar Aldursdeild breyttist úr Stigadeild þá hefði orðið til séreign fyrir sjóðfélaga sem einhverjir ættu enn eftir að sækja, en þrátt fyrir mikil bréfaskipti gengi illa að tæma þann sjóð. Því næst fór Tryggvi yfir sjóðstreymi og yfirlit yfir tryggingafræðilega stöðu og vísaði Tryggvi til umfjöllunar Bjarna þar um síðar á fundinum. Í umfjöllun um virka sjóðfélaga nefndi Tryggvi m.a. að virkum sjóðfélögum hefði farið fækkandi en þeir væru þó umtalsvert fleiri en lífeyrisþegar. Nefndi Tryggvi að margir þeirra sem hættu störfum hjá aðildarfyrirtækjum óskuðu eftir því að vera áfram í Lífeyrissjóði bankamanna sem skýrði minni fækkun sjóðfélaga en fækkun starfsmanna aðildarfyrirtækja. Í máli Tryggva kom fram að sjóðurinn veitti almennt undanþágu fyrir þessu en tók fram að sjóðurinn skoðaði launagreiðandann vandlega áður en tekin væri ákvörðun. Tryggvi tók fram að þessi þróun og þessi vilji sjóðfélaga til að halda áfram í sjóðnum væri ánægjulegur.

Eftir umfjöllun um ársreikning Aldursdeildar fjallaði Tryggvi um þróun lífeyris hjá báðum deildum og sýndi glærur á bls. 34 og 35 í kynningu. Í máli Tryggva kom fram að myndirnar á glærunum sýndu skiptingu á einstökum lífeyristegundum og vakti hann athygli fundarins á grænu línunni, hlutfalli örorkulífeyris, og nefndi að eftir því sem Aldursdeildin þroskaðist myndi þetta hlutfall minnka og væri það farið að nálgast það sem eðlilegt gæti talist af sjóði af þessari gerð. Hlutfallsdeild væri ólík þar sem hlutfall örorku hefði litla vigt þar sem fólk færi af örorku og yfir á eftirlaun þegar þeim aldri er náð.

Því næst vék Tryggvi máli sínu að fjárfestingarstefnum sjóðsins og sýndi glærur á bls. 37 – 40 í kynningu. Tryggvi fór fyrst yfir fjárfestingarstefnu Hlutfallsdeildar og nefndi að uppsetning stefnunnar á glæru væri eins og hún færi til Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Í máli Tryggva kom fram að uppistaða af eignum deildarinnar væru skuldabréf og það væri gert til að takmarka áhættu þar sem deildin væri lokuð og þyldi illa sveiflur. Næst fór Tryggvi yfir fjárfestingarstefnu Aldursdeildar og kom fram í máli hans að deildin væri með hefðbundnara eignasafn sérstaklega eftir þær breytingar sem gerðar hafa verið á fjárfestingarstefnunni síðustu árin, en þar munaði mest um breytingar á hlutfalli erlendra fjárfestinga.

Tryggvi þakkaði fyrir sig og hvatti fundarmenn til að spyrja ef einhverjar spurningar hefðu vaknað.

Fundarstjóri gaf orðið laust um skýrslu stjórnar, ársreikninga og fjárfestingarstefnur.

Vigdís Sif Hrafnkelsdóttir tók til máls, þakkaði fyrir góða yfirferð og hrósaði góðri ávöxtun. Vigdís vísaði í umfjöllun um fjárfestingarstefnur og spurði hvort breytingar hefðu verið miklar milli ára á fjárfestingarstefnu Aldursdeildar og hvort sjóðurinn væri nálægur fjárfestingarstefnu eða viðmiði hennar.

Tryggvi svaraði og sagði að í öllum aðalatriðum hefði stefnan verið svipuð milli ára, kannski 1-2% tilfærslur milli flokka. Stóra breytingin undanfarin ár hefði verið auka hlutfall erlendra eigna á kostnað annarra flokka. Þá nefndi Tryggvi að stefnurnar væru aðgengilegar á vef sjóðsins.

Fundarstjóri tók til máls og nefndi að orðið væri enn laust. Fleiri tóku ekki til máls. Bar fundarstjóri skýrslu stjórnar og ársreikning 2021 upp til samþykktar. Voru þau samþykkt samhljóða.

4) Kosning varamanna.

Næst fór fram kosning varamanna. Fyrir fundinum lá að kjósa um þrjá varamenn í stjórn sjóðsins til tveggja ára.

Frambjóðendur til varastjórnar voru: Kjartan Jóhannesson, Sigurjón Gunnarsson og Elín Dóra Halldórsdóttir.

Varamenn voru kjörnir, í rétttri röð,,: Sigurjón Gunnarsson, Kjartan Jóhannesson og Elín Dóra Halldórsdóttir.

Næsti dagskrárliður var tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins.

5) Tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins.

Bjarni Guðmundsson, tryggingafræðingur sjóðsins gerði grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt deilda sjóðsins og sýndi glærur samhliða umfjöllun sinni, sjá bls. 44-70 í kynningu.

Bjarni fór fyrst yfir helstu forsendur tryggingafræðilegrar athugunar. Í máli Bjarna kom fram að tryggingafræðileg athugun færi eftir reglugerð fjármálaráðuneytisins nr. 391/1998 en tryggingafræðingi væri þó heimilt að aðlaga forsendur að tilteknum sjóðum, s.s. um vexti, lífslíkur og örorkulíkur. Þær forsendur sem væru aðlagðar í þessum sjóði væru örorkulíkur og þá væri útreikningur á kostnaði aðeins öðruvísi í Hlutfallsdeild. Vaxtaforsenda 2021 væri áfram 3,5% raunávöxtun og fyrir Hlutfallsdeild væri gert ráð fyrir 0,5% launahækkunum umfram verðlag ásamt aldursbundnum launahækkunum. Í máli Bjarna kom fram að það hafi orðið niðurstaða sjóðsstjórnar að nota sömu forsendur og notast var við 2020 um lífslíkur og til samanburðar væri notast við spá um áframhaldandi hækkun á lífslíkum.

Bjarni fór næst yfir helstu niðurstöður tryggingafræðilegrar úttektar í báðum deildum.

Í umfjöllun sinni um Hlutfallsdeild nefndi Bjarni m.a. að heildarskuldbindingar umfram eignir hafi numið -4,6% af skuldbindingum, samanborið við -4,7% árið áður. Staða deildarinnar væri þó innan marka sem lög um lífeyrissjóði tilgreina. Þar sem Hlutfallsdeild væri lokuð deild væri þó hætt við því að staðan versnaði. Staðan hefði þó batnað lítillega milli ára en ástæðan fyrir því væri góð ávöxtun sem var umfram 3,5%. Þá hafi engar óvæntar breytingar komið upp, s.s. óvæntar launahækkanir eða meiri nýting á 95 ára reglu en gert hafi verið ráð fyrir. Niðurstaðan væri tiltölulega gott ár hjá Hlutfallsdeild.

Í umfjöllun sinni um Aldursdeild nefndi Bjarni að þriðja árið í röð hafi deildin náð mjög góðri ávöxtun. Heildareignir umfram skuldbindingar hafi numið +1,8% samanborið við fyrra ár þar sem heildarskuldbindingar umfram eignir numu -4,2%. Skýrðist verulega bætt tryggingafræðileg staða af góðri raunávöxtun á árinu 2021. Væri staðan innan tilskilinna marka sem lög um lífeyrissjóði tilgreina. Bjarni nefndi að langt væri síðan Aldursdeild hefði reiknast í plús heildarstöðu sem væri jákvætt. Áfallin staða batnaði vegna góðrar ávöxtunar og hefði farið úr -4,1% (eftir breytingu samþykkt) í +5,5%. Þrátt fyrir framangreint væri framtíðarstaða deildarinnar í -5,6%, sem þýðir að sjóðurinn er að veita of mikil réttindi miðað við þau iðgjöld sem hann fær. Bjarni nefndi í þessu sambandi að deildin væri að ná lágmarks tryggingaöflun skv. lögum en með viðvarandi mínus í framtíðarstöðu mætti draga í efa að sjóðurinn uppfyllti skyldu um að veita lágmarkstryggingavernd þrátt fyrir að góð ávöxtun valdi því að áunnin staða sé metin jákvæð. Væri því til bóta að breyta samþykktum svo jafnvægi komist á og vísaði Bjarni til 2. tillögu stjórnar sjóðsins um breytingu á samþykktum í því sambandi.

Að lokinni umfjöllun um tryggingafræðilega athugun á deildum sjóðsins fjallaði Bjarni um nýjan reiknigrunn Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga (FÍT) um breytingar á forsendum reiknigrunns um lífslíkur ásamt áhrifum á tryggingafræðilegt uppgjör, sjá bls. 52-70 í glærukynningu. Í máli Bjarna kom m.a. fram að í lok árs 2021 hafi fjármála- og efnahagsráðuneytið fallist á tillögu FÍT um breytingar á forsendum reiknigrunns um lífslíkur. Í breytingunum hafi í aðalatriðum fallist að reiknigrunnur frá 2019 skuli eiga við

um lífslíkur eins og þær voru metnar 2016 en fyrir síðari ár skuli miðað við að lífslíkur taki breytingum til samræmi við reiknilíkan FÍT frá 2020 varðandi breytingu lífslíkinda. Næst ræddi Bjarni um áhrif nýja reiknigrunnnsins á deildir sjóðsins og nefndi hann að áhrif yrðu minni hjá Hlutfallsdeild þar sem deildin væri lokuð en hjá Aldursdeild væru áhrifin meiri þar sem heildarstaðan færi úr +1,8% í -7%. Í máli Bjarna kom fram að hinn nýi reiknigrunnur fæli í sér að gera þyrfti breytingar á réttindakerfum lífeyrissjóða og að allir lífeyrissjóðir þyrftu að klára innleiðingu á breyttum forsendum fyrir tryggingafræðilega athugun ársins 2023. Hægt væri að útfæra þá innleiðingu með ýmsum hætti og að stjórn sjóðsins væri með í skoðun hvernig það yrði gert. Bjarni þakkaði fyrir sig.

Fundarstjóri þakkaði Bjarna og gaf orðið laust.

Hrefna Arnkelsdóttir tók til máls og lagði til að skoðað yrði að hafa glærur skýrari og uppsetningu á töflum og tölum stærri svo fundarmenn gætu betur glöggvað sig á þeim.

Einar Már Birgisson tók til máls og tók undir orð Hrefnu.

Fundarstjóri tók til máls og beindi því til Tryggva Tryggvasonar að athuga þetta fyrir næsta fund.

María Ýr Valsdóttir tók til máls og spurði hvenær réttindi hafi verið lækkuð síðast hjá Hlutfallsdeild.

Tryggvi Tryggvason svaraði snögglega og sagði það hafa verið árið 2019.

María Ýr Valsdóttir tók þá aftur til máls og nefndi að áður hefði komið fram að tryggingafræðileg staða Hlutfallsdeildar væri -4,6%. Í því sambandi nefndi María að þar sem Hlutfallsdeild væri lokuð og minnkandi þá hefði verið rætt á fyrri fundum að skerða réttindi jafnóðum og vera með virka lækkun í stað þess að bíða eftir því að deildin fari umfram -5% markið. María nefndi að hún teldi að þetta þyrfti að gera og það strax.

Tryggvi Tryggvason svaraði og nefndi að sjóðurinn myndi taka athugasemdir varðandi glærur og skýrleika til greina og gera þær læsilegri fyrir næsta fund. Varðandi athugasemdir um virka lækkun hjá Hlutfallsdeild nefndi Tryggvi að þetta væri rétt munað hjá Maríu, þ.e. að um þetta hafi verið rætt. Tryggvi nefndi að hann og stjórnin myndu annars taka þessa athugasemd til greina og til skoðunar, þ.e. taka afstöðu til þess hvort rétt væri að skerða örar eða að skerða jafnóðum.

María Ýr Valsdóttir tók til máls og þakkaði Tryggva fyrir svarið og ítrekaði að hún teldi að þetta þyrfti að gera jafnóðum, þ.e. árlega, hér eftir. María þakkaði fyrir sig.

Ari Skúlason tók til máls og nefndi að sjóðurinn ætti smá vonarglætu í dómsmálinu, það væri kannski full bjartsýnt, en það væri enn möguleiki. Ef málið gengi upp þá myndi þessi staða mögulega horfa eitthvað öðruvísi við.

Fundarstjóri tók til máls og nefndi að orðið væri enn laust.

María Ýr Valsdóttir tók til máls og spurði hvort það yrði lagfært afturvirkir ef dómsmálið færi sjóðnum í hag.

Ari Skúlason svaraði og nefndi að þegar það kæmu digrir sjóðir þá yrði þeim dreift til þeirra sem ættu peningana.

María Ýr Valsdóttir tók til máls og sagði að af þeim sökum þyrfti ekki að bíða eftir niðurstöðu dómsmálsins.

Ari Skúlason svaraði og sagði að sjóðurinn hefði reyndar gert ráð fyrir að niðurstaða dómsmálsins hefði legið fyrir mun fyrr.

Fundarstjóri tók til máls og nefndi að orðið vera laust.

Guðríður Kristjánsdóttir tók til máls og nefndi að minnst hefði verið á dómsmálið og spurði hvort það mætti koma með fleiri gögn fyrir Landsrétt.

Tryggvi Tryggvason svaraði og nefndi að undir dagskrárliðnum önnur mál myndi hann fjalla nánar um dómsmálið en það væri búið að skila greinargerð til Landsréttar og samhliða því komið á framfæri gögnum og öðru. Tryggvi nefndi að hann gæti sent greinargerð til sjóðfélaga væri áhugi fyrir því.

Fundarstjóri tók til máls og nefndi að orðið væri enn laust.

Hrefna Arnkelsdóttir tók til máls og nefndi að öll hennar ár í bankanum hafi verið bent á hvað starfsmenn væru með góða lífeyrissjóði að ekki þyrfti að hafa áhyggjur og svo er alltaf verið að lækka og ef það á að lækka meira þyrfti fólk bara að fá sér vinnu með lífeyrissjóðsgreiðslum, þetta væri brot á sjóðfélögum. Nefndi Hrefna einnig að ef hún myndi það rétt hafi ein forsendan verið sú að áætla um 25% nýtingu á 95 ára reglu en hinir myndu starfa til 67 ára, þetta hafi ekki gengið eftir og hvernig eigi að lagfæra þetta. Hrefna nefndi að hún teldi þetta vera meira mál en látið væri líta út fyrir. Lýsti Hrefna óánægju sinni með þetta.

Skapaðist nokkur umræða í sal.

Fundarstjóri tók til máls og nefndi að ásókn í eftirlaun Hlutfallsdeildar hefði verið mun meiri en áætlað hafi verið í upphafi og að það lægi fyrir.

Fundarstjóri tók til máls og nefndi að orðið væri enn laust. Fleiri tóku ekki til máls. Fundarstjóri lýsti því að dagskrárliður um tryggingafræðilega úttekt væri afgreiddur.

6) Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins.

Fundarstjóri tók til máls og kynnti að fyrir fundinum lægi að taka ákvörðun um tvær tillögur stjórnar sjóðsins til breytinga á samþykktum. Tillögurnar hefðu legið frammi á skrifstofu sjóðsins og verið aðgengilegar á vefsíðu sjóðsins fyrir fundinn.

Fundarstjóri nefndi að ferli breytinga á samþykktum lyki ekki á ársfundi heldur þyrfti samkvæmt samþykktum einnig að fá staðfestingu aðildarfyrtækja og að lokum fjármálaráðuneytis. Þetta þýddi að jafnvel þó sjóðfélagar samþykktu breytingar á samþykktum sjóðsins á ársfundi þá yrðu þær ekki að staðreynd fyrr en að undangengnu þessu ferli.

Fundarstjóri bauð Tryggva Tryggvason velkominn í pontu til að kynna tillögurnar. Tryggvi kynnti tillögurnar og sýndi glærur með hverri tillögu þar sem tillögurnar fyrir og eftir breytingu komu fram og greinargerðir með tillögunum. Vísast til bls. 72-75 í glærukynningu þar um. Í máli Tryggva kom fram að fyrri tillaga væri endurflutningur á tillögu sem flutt hefði verið á síðasta ársfundi en aðildarfyrirtækin hafi hafnað henni vegna minniháttar tæknilegra atriða. Um væri að ræða sömu tillögu að teknu tilliti til athugasemda aðildarfyrirtækja. Tryggvi fór yfir tillöguna og greinargerð með henni:

Tillaga 1 er vegna beggja deilda, en tillaga 2 er vegna Aldursdeilda.

Fyrsta tillaga er varðar 6. grein – Ársfundir.

Breyting á 6. gr. samþykkt, lið 6.1:

Var:

Stjórn sjóðsins skal efna til ársfundar eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert. Fundinn skal boðaður með mánaðar fyrirvara með tryggilegum hætti m.a. með auglýsingu í a.m.k. einu dagblaði. Rétt til setu á ársfundi hafa allir sjóðfélagar og hafa þeir tillögurétt og jafnan atkvæðisrétt sbr. þó 2. mgr. 7. gr.

Á ársfundi skulu eftirgreind mál tekin fyrir:

- a) Skýrsla stjórnar.
- b) Kynning og afgreiðsla ársreiknings sjóðsins.
- c) Tryggingarfræðileg úttekt á stöðu sjóðsins.
- d) Fyrirliggjandi tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins sbr. ákvæði 7. gr.
- e) Kosning skoðunarmanna reikninga sjóðsins
- f) Kosning stjórnarmanna skv. 2. gr.
- g) Laun stjórnar- og skoðunarmanna.
- h) Fjárfestingarstefna sjóðsins.
- i) Önnur mál.

Verður:

Stjórn sjóðsins skal efna til ársfundar fyrir lok júnímánaðar ár hvert. Fundinn skal boðaður með minnst fjögurra vikna fyrirvara með tryggilegum hætti m.a. með auglýsingu í a.m.k. einu dagblaði. Rétt til setu á ársfundi hafa allir sjóðfélagar og hafa þeir tillögurétt og jafnan atkvæðisrétt sbr. þó 2. mgr. 7. gr.

Á ársfundi skulu eftirgreind mál tekin fyrir:

- a) Skýrsla stjórnar.
- b) Kynning og afgreiðsla ársreiknings sjóðsins.
- c) Tryggingarfræðileg úttekt á stöðu sjóðsins.
- d) Fyrirliggjandi tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins sbr. ákvæði 7. gr.
- e) Kosning skoðunarmanna reikninga sjóðsins
- f) Kosning stjórnarmanna skv. 2. gr.
- g) Laun stjórnar- og skoðunarmanna.
- h) Fjárfestingarstefna sjóðsins.
- i) Önnur mál.

Greinargerð með fyrstu tillögu er varðar báðar deildir.

Lagt er til að auka svigrúm er varðar tímasetningu ársfunda til samræmis við þau mörk sem sett eru í 30. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða enda núverandi tímamörk óþarflega þröng í samanburði við marga aðra lífeyrissjóði. Þá hafa síðustu ár jafnframt sýnt að æskilegt er að hafa nokkuð svigrúm í þessu efni. Jafnframt er lagt til að skýra orðalag er varðar fyrirvara á boðun ársfundar.

Næst fjallaði Tryggvi um aðra tillögu og greinargerð með henni:

Önnur tillaga er varðar 18. grein – Iðgjöld til sjóðsins

Breyting á 18. gr. samþykkt, lið 18.1:

Var:

Iðgjöld sjóðfélaga skulu vera 12% af heildarlaunum hans, sbr. 3. gr. laga nr. 129/1997 og skiptist þannig að launþegi greiðir 4% en launagreiðandi 6%. Auk þess greiðir launagreiðandi að lágmarki 2% í séreignarsjóð, en sú greiðsla er skv. kjarasamningi milli Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja og Samtaka atvinnulífsins, gr. 8.1.

Verður:

Iðgjöld sjóðfélaga til sjóðsins skulu vera 12% af heildarlaunum hans, sbr. 3. gr. laga nr. 129/1997 og skiptist þannig að launþegi greiðir 4% en launagreiðandi 8%. Auk þess greiðir launagreiðandi í séreignarsjóð skv. kjarasamningi.

Greinargerð með annari tillögu er varðar Aldursdeild.

Þó tryggingafræðileg staða Aldursdeildar sé jákvæð þá hefur um nokkurt skeið verið halli á s.k. framtíðarstöðu deildarinnar sem þýðir að réttindatöflur sjóðsins tilgreina í raun hærri árleg lífeyrisréttindi en eðlilegt er fyrir það iðgjald sem greitt er. Slík staða er ekki sjálfbær til lengdar og gæti með tímanum myndað halla á tryggingafræðilegri stöðu deildarinnar. Núverandi iðgjald til sjóðsins, sem almennt er einungis 10%, stendur í dag undir lögbundinni lágmarkstryggingavernd (56%) miðað við núgildandi réttindatöflur og því hefur ekki verið unnt að breyta ávinnslutöflum að óbreyttu iðgjaldi. Því er nauðsynlegt að hækka iðgjaldið og skapa þannig svigrúm til að samræma réttindaávinnslna og iðgjaldagreiðslunar og koma á jafnvægi í framtíðarstöðu deildarinnar.

Nái þessi breyting fram að ganga verða samhliða gerðar breytingar á réttindatöflum Aldursdeildar til að ná eðlilegu samræmi milli réttindaávinnslna og iðgjalda. Nánar er fjallað um málið í minnisblaði tryggingafræðings sjóðsins.

Í máli Tryggva um aðra tillögu kom fram að verið væri að leggja til hækkun á mótframlagi launagreiðanda til sjóðsins úr 6% í 8% og þar með samanlagt heildarframlag til sjóðsins úr 10% í 12%. Tryggvi nefndi að margir hefðu komið að máli við hann og bent á að e.t.v. væri þetta atriði sem varðaði kjaramál og kjarasamning og því kynni einhverjum sjóðfélögum að finnast það sérkennilegt að leggja þetta fram með þessum hætti. Nefndi Tryggvi að sjóðurinn hefði ákveðið að leggja þetta til vegna þeirrar stöðu sem er hjá Aldursdeild þar sem 10% framlag launagreiðanda til sjóðsins dugar rétt til þess að dekkja tryggingaverndina m.v. núverandi töflur og þá væri framtíðarstaða deildarinnar neikvæð. Tryggvi nefndi að eðlilegast væri að breyta þessari stöðu með því að aðlaga réttindatöflur en sjóðurinn gæti það ekki þar sem slíkt myndi hafa neikvæð áhrif á stöðu deildarinnar og því hefði verið ákveðið að leggja þessa tillögu fram um að hækka á heildarframlag launagreiðanda til sjóðsins í 12% eins og lög gera ráð fyrir. Tryggvi þakkaði fyrir sig og hvatti sjóðfélaga til að spyrja hafi þeir spurningar.

Fundarstjóri tók til máls og nefndi að orðið væri enn laust um tillögur stjórnar til breytinga á samþykktum.

Einar Már Birgisson tók til máls og lagði til breytingartillögu á fyrstu tillögu stjórnar er varðar boðun ársfundar þannig að boðun til ársfunda verði a.m.k. í dagblaði og á vefsíðu sjóðsins.

Tryggvi Tryggvason svaraði og þakkaði fyrir ágæta breytingartillögu. Tryggvi nefndi að sjóðurinn auglýsti í dagblaði, á vefsíðu og á yfirlitum og launaseðlum lífeyrispega ásamt. Sjóðurinn beitti í raun öllum leiðum til að ná til sjóðfélaga.

Fundarstjóri tók til máls og nefndi að orðið væri enn laust um fyrri tillögu stjórnar til breytinga á samþykktum, með breytingartillögu er varðar vefsíðu sjóðsins. Fleiri tóku ekki til máls.

Handwritten signature and initials in blue ink.

Bar fundarstjóri fyrstu tillögu stjórnar til breytinga á samþykktum upp til atkvæðagreiðslu með breytingartillögu Einars Mús. Var tillagan með breytingartillögu þannig að boðað verði til ársfunda „a.m.k. í dagblaði og á vefsíðu sjóðsins“, en að öðru leyti óbreytt. Var tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Fundarstjóri gaf orðið laust um aðra tillögu stjórnar sjóðsins, er varðar 2% hækkun á mótframlagi launagreiðanda til sjóðsins.

Jóhann Ómarsson tók til máls. Jóhann nefndi að hann ætti erfitt með að samþykkja þessa tillögu þar sem hann áttaði sig ekki á aðferðarfræðinni, að samþykktir sjóðsins væru að ákveða hvað eigi að koma fram í kjarasamningi. Svo sú aðferð að fara með samþykktir til aðildarfyrirtækjanna og biðja þau um að samþykkja 2% launahækkun til starfsmanna í gegnum samþykktir lífeyrissjóðs. Jóhann nefndi að honum þætti þetta undarlegt og að hann kysi að túlka þetta sem svo að hér væri verið að ganga að séreignasparnaði starfsmanna. Jóhann nefndi að honum þætti þetta óskýrt.

Tryggvi Tryggvason svaraði og nefndi að aðferðarfræðin sem slík væri skrifuð inn í samþykktir sbr. 7. gr. þeirra, þ.e. fyrst tæki fundur ákvörðun og svo rataði það til aðildarfyrirtækja til samþykktar eða synjunar. Þá væri í samþykktum sjóðsins vísað til kjarasamnings en ástæðan fyrir því væri sú að sjóðurinn gæti sýnt fram á að sjóðurinn væri í heild sinni að fá það 12% framlag sem lög gerðu ráð fyrir. Tryggvi nefndi að þessi breyting myndi ekki hrófla við kjarasamningi ef hún væri samþykkt heldur myndi þetta 2% auka mótframlag koma til viðbótar við greiðslu launagreiðanda í séreignarsjóð samkvæmt kjarasamningi. Tryggvi nefndi að engin hættu væri á að sjóðfélagar kæmu verr út úr þessu ef tillagan yrði samþykkt, hér væri aðeins verið að leggja til að hækka mótframlag launagreiðanda til sjóðsins úr 6% í 8%.

Ari Skúlason tók til máls og nefndi að hann hefði fengið spurningu frá aðildarfyrirtækjum um þessa tillögu. Ari nefndi að um væri að ræða tillögu frá tryggingafræðingi til að mæta stöðu Aldursdeildar. Þá nefndi Ari jafnframt að sambærileg krafa yrði hluti af kröfugerð Samtaka Starfsmanna Fjármálafyrirtækja (SSF) í komandi kjarasamningsviðræðum en mögulega væri hægt að ná þessu fram hér á þessum vettvangi áður en kæmi að kjarasamningsviðræðum.

Vigdís Sif Hrafnkelsdóttir tók til máls og nefndi að ekki allir sjóðfélagar væru í félagsmenn í SSF og spurði af hverju þeir sjóðfélagar ættu að berjast fyrir þessari tillögu.

Ari Skúlason svaraði og nefndi að á nýliðnu þingi SSF hefði kröfugerð SSF verið mótuð af félagsmönnum SSF sem ekki væru allir í Lífeyrissjóði bankamanna, þetta hefði verið ákveðið á þinginu óháð lífeyrissjóði.

Fundarstjóri tók til máls og nefndi að orðið væri enn laust um aðra tillögu. Fleiri tóku ekki til máls.

Fundarstjóri bar aðra tillögu stjórnar til breytinga á samþykktum upp til atkvæðagreiðslu. Sjóðfélagar í Aldursdeild greiddu atkvæði. Tillagan var samþykkt með meirihluta atkvæða.

7) Kosning skoðunarmanna reikninga sjóðsins.

Slg
PR

Fyrir fundinum lá tillaga um að Guðrún Anna Antonsdóttir og Þorsteinn Þorsteinsson yrðu kjörin skoðunarmenn reikninga sjóðsins og var það samþykkt. Skoðunarmenn eru kosnir til eins árs í senn.

8) Laun stjórnar- og skoðunarmanna.

Fyrir fundinum lá tillaga um hækkun á launum stjórnarmanna úr kr. 95.000.- á mánuði í kr. 100.000.- á mánuði, tvöföld laun fyrir formann. Laun varamanna hækki úr kr. 50.000.- í kr. 53.000.- fyrir hvern setinn fund, þó ekki hærri en kr. 100.000 á mánuði. Laun greidd eins og laun bankamanna.

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillögu um að hækka laun stjórnarmanna og laun varamanna.

Sigurjón Gunnarsson tók til máls og spurði hvort gert væri ráð fyrir lækkun launa fyrir varaformann.

Tryggvi Tryggvason svaraði og sagði að laun varaformanns yrðu óbreytt, þ.e. ein og hálf laun.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Fleiri tóku ekki til máls. Fundarstjóri bar tillöguna upp til atkvæða og var tillagan samþykkt samhljóða.

Þá lá fyrir fundinum tillaga um að hækka laun skoðunarmanna úr kr. 55.000.- á mánuði í kr. 58.000.- á mánuði. Laun greidd eins og laun bankamanna.

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillögu um að hækka laun skoðunarmanna. Enginn bað um orðið. Fundarstjóri bar tillöguna upp til atkvæða og var tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

9) Önnur mál.

a. Málefni Hlutfallsdeildar.

Tryggvi Tryggvason, framkvæmdastjóri sjóðsins, gerði grein fyrir stöðu mála í dómsmáli Hlutfallsdeildar og sýndi glærur, sjá bls. 81 – 84 í kynningu.

Tryggvi fór fyrst yfir tímalínu málsins og sýndi myndræna framsetningu á glæru bls. 81 samhliða þeirri umfjöllun. Í máli Tryggva kom m.a. fram að um langa leið væri að ræða sem hefði í raun hafist með ályktun fundar árið 2015 en dómsmálið sjálft hafi ekki hafist fyrr en matsbeiðni sjóðsins hafi verið samþykkt af Héraðsdómi Reykjavíkur 2017. Þá hafi niðurstaða Héraðsdóms Reykjavíkur legið fyrir 2021 þar sem aðildarfyrirtæki og íslenska ríkið hafi verið sýknað. Sjóðurinn hefði talið ýmsa ágalla á dómi héraðsdóms og hefði sjóðurinn áfrýjað dóminum til Landsréttar og væri búið að skila greinargerð og viðbótargögnum til dómstólsins. Tryggvi fór yfir helstu forsendur sjóðsins fyrir áfrýjun til Landsréttar á glærum á bls. 82 og 83 í kynningu. Tryggvi nefndi að lokum að sjóðfélagar gætu fengið greinargerð sjóðsins senda ef þeir óskuðu þess.

Hvað næstu skref varðar nefndi Tryggvi að málið yrði mögulega flutt síðla árs 2022 eða snemma árs 2023 og vænta mætti dóms Landsréttar innan 4 vikna frá málflutningi. Tryggvi þakkaði fyrir sig.

Fundarstjóri gaf orðið laust undir liðnum önnur mál.

Guðríður Kristjánsdóttir tók til máls og spurði hvort sjóðurinn hefði hugsað út í það að áfrýja til Hæstaréttar fari svo að Landsréttur staðfesti dóm Héraðsdóms Reykjavíkur.

Tryggvi Tryggvason svaraði og sagði að stjórn sjóðsins hefði hugleitt þetta og að ein af ástæðum þess að fara með málið til Landsréttar væri að eiga þann möguleika inni. Tryggvi nefndi að niðurstaða Landsréttar yrði skoðuð gaumgæfilega og þá hvort ástæða væri til að áfrýja ef við ætti.

María Ýr Valsdóttir tók til máls og sagðist vilja halda á lofti því sjónarmiði að ekki allir sjóðfélagar í Hlutfallsdeild ættu stutt eftir til að nýta 95 ára reglu og að ekki væri sjálfgefið að hækka lífeyrisaldur eða að hækka útborgun. María Ýr nefndi að hún vildi þannig halda á lofti þessari löngun að hafa lífeyrisaldur lægri.

Einar Már Birgisson tók til máls og spurði hversu mikið sjóðurinn hefði skoðað sameiningu við aðra sjóði. Einar Már nefndi að sjóðfélagar sæju Hlutfallsdeild minnka og samhliða því mætti velja því fyrir sér hvort kostnaður deildarinnar myndi þá hækka vegna aukinna krafna.

Ari Skúlason svaraði og nefndi að það virtist ekki vera mikil stærðarhagkvæmni í því að reka lífeyrissjóð en sjóðurinn hefði ekki farið langt í skoðun á því að sameinast öðrum sjóði. Sjóðurinn hefði átt frumkvæði að því að kalla nokkra sjóði til skrafs og ráðagerða fyrir nokkrum árum, m.a. um mögulegt samstarf, en eins og fram hefði komið í skýrslu stjórnar þá væri sjóðurinn aðeins á bremsunni á meðan dómsmál sjóðsins væri enn ekki leitt til lykta. Ari nefndi að í kjölfar niðurstöðu úr dómsmálinu muni sjóðurinn fara af stað í að skoða þetta ákveðið. Allir gætu verið sammála því að Lífeyrissjóður bankamanna starfaði ekki óbreyttur um aldur og ævi en þetta þyrfti að skoða. Ari nefndi að hann væri þó ekki viss um að rekstrarkostnaður truflaði það.

Fundarstjóri tók til máls og nefndi að orðið væri enn laust. Fleiri tóku ekki til máls.


Fundarstjóri þakkaði fyrir góða mætingu, góða fundarsetu og fyrir líflegar umræður. Fundarstjóri þakkaði jafnframt starfsmönnum fundarins.

Fundarstjóri og fundarritari fengu umboð frá fundinum til þess að ganga frá fundargerð.


Var fundi slitið um kl. 20:00. Fundarmenn voru um 60 talsins.

Reykjavík, 18. maí 2022

Fundarstjóri:


Hinrik Greipsson

Fundarritari:


Pálmi Rögnvaldsson